

Þórður Már Sigfússon
Skipulagsfulltrúi hjá Dalabyggð
Stjórnsýsluhúsinu að Miðbraut 11
370 Búðardal

Reykjavík, 28. janúar 2021
Tilvísun: OS2020110082/10.20.1
Verknúmer: 1384010

Efni: Umsögn við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Hróðnýjarstaða

Vísað er til erindis Dalabyggðar, dagsettu þann 24. nóvember 2020., þar sem óskað var umsagnar Orkustofnunar við tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers í landi Hróðnýjarstaða, í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað var eftir umbeðnum athugasemdum fyrir 20. janúar 2021, til skipulagsfulltrúa Dalabyggðar, en frestur til Orkustofnunar var veittur út janúarmánuð 2021.

Sérfræðingur Orkustofnunar hefur farið yfir tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Dalabyggðar 2004-2016 vegna umrædds vindorkuvers, og hefur stofnunin eftirfarandi ábendingar, sem að öllu leyti afmarkast af starfssviði stofnunarinnar:

Skv. 2. mgr. 9 gr. laga um verndar-og orkunýtingaráætlun kemur fram að beiðni um að verkefnisstjórn fjalli um virkjunarkost skuli send Orkustofnun. Það er þó svo að um stjórnsýslu vindorkunnar ríkir enn réttaróvissa og eru málefni hennar til meðhöndlunar innan stjórnarráðsins og upplýst hefur verið um áform um lagasetningu vegna hennar, og hafa drög að breytingum á lögum þessum verið birt til umsagnar.

Vegna þessarar réttaróvissu um stjórnsýslu vindorkunnar, hefur það verið matsatriði framkvæmdaraðila vindorkuvera hvort þeir ákveði að senda inn umsókn í 4.áfangi rammaáætlunar. Umrætt vindorkuver á landi Hróðnýjarstaða hefur ekki sent inn umsókn, en komi til þess að lagabreytingarnar breytist á þann veg að vindorkuverum sé skylt að senda inn umsókn í rammaáætlun, mun það einnig eiga við umræddan vindorkugarð.

Vegna þess að umsókn í 4.áfangi rammaáætlunar vantar fyrir umrætt vindorkuver, hefur stofnunin ekkert í höndum sér er varðar vindorkugarðinn á landi Hróðnýjarstaða, og gerir því ekki athugasemdir að svo stöddu við breytingu Aðalskipulags Dalabyggðar 2004-2016 vegna vindorkuvers á Hróðnýjarstöðum.

Orkustofnun bendir á að umsögn þessi, sem stofnunin veitir Dalabyggð, er að því tagi að ekki felist í henni vanhæfi stofnunarinnar til að taka afstöðu til umsóknar vegna leyfisveitinga stofnunarinnar á síðari stígum.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra

Sylvia Rakel

Sylvía Rakel Guðjónsdóttir

Sérfræðingur

Harpa Pétursd.

Harpa Þórunn/Pétursdóttir

Lögfræðingur